

# Aðalfundur PGA á Íslandi

Jón Þorsteinn Hjartarson skipaður fundastjóri  
Ritari Jóhann Kristján Hjaltason

Fundur settur kl 16:15

**16:20** Formaðurinn Sigurpáll Geir Sveinsson tók til máls og fór yfir skýrslu stjórnar .

**16:35** Umræður um skýrslu stjórnar,

Jón kom með athugasemd um að Hlynur Geir Hjartarson var ekki í skýrslunni. Sigurpáll tók til máls og baðst afsökunar á þessu. Menn tóku létt í þetta og þá sérstaklega Hlynur.

**16:38** Agnar fór yfir ársreikning félagsins, árereikning 2010.

**16:50:** Umræður um reikninga félagsins,

**16:51:** Ingibergur benti á að gott væri að fá ársreikning sendan fyrir fundinn, til þess að geta farið yfir hann

Árni Páll Hansson spurði útí aukningu í fræðslustarfsemi. Agnar svaraði því

**16:55 :** Reikningar félagsins samþykktir einróma.

**16:56:** Kosning stjórnar , Björgvin Sigurbergsson hættir og Jón Þorsteinn Hjartarsson kom inn í hans stað.

Stjórn PGA fyrir árið 2011 var kosin. Kosnir voru eftirfarandi:

Sigurpáll Geir Sveinsson formaður, Ingi Rúnar Gíslason mótamál , Einar Lyng Hjaltason skólamál , Jóhann Kristján Hjaltason ritari og Jón Þorsteinn Hjartarson gjaldkeri

Skoðunarnefnd kjörin, tillaga var gerð um að Ástráður og Sigurður Pétursson yrðu í þessari nefnd, það var samþykkt einróma

Matsnefnd félagsins kjörin, tillaga var gerð um að Úlfar Jónsson, Phil Hunter og Jón Þorsteinn Hjartarson yrðu í þessari nefnd. Það var samþykkt einróma.

**1700:** Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár,

Úlfar Jónsson benti að að gott væri að fá inn tekjur með því að selja inná þetta

Góð ábending, Sigurpáll formaður svaraði þessu og benti að að þetta væri rétt ábending og ætlaði að skoða málið

Arnar Már stakk uppá því að ef að launakostnaður hækkaði að gott væri að fara í einhverskonar fjáröflun, einhverja leið til að afla tekna.

**17:10** Önnur mál .

Óli Jó fékk bikar fyrir að vera PGA meistari 2010

Kylfingur ársins var kosinn og hlaut þann titil Birgir Leifur Hafþórsson

Kennari ársins var kosinn af stjórn félagsins, titilinn hlaut Brynjar Eldon Geirsson

Agnar ræddi um heimasíðu félagsins, kynnti mikið að nýjum hugmyndum um endurbætur á henni. Vefurinn í mikilli vinnslu.

Jóhann Hjaltason fór yfir útekt á æfingasvæðum , mikil og góð umræða skapaðist um þetta og komu fram fínar hugmyndir.

Ingi Rúnar fór yfir mótamál. Kom því vel til skila og fundurinn sáttur með þessi mál

Árni Páll Hansson kom í pontu og bað um að klappað yrði fyrir nýrri stjórn og klappað fyrir Björgvin.

Arnar fjallaði um að mikilvægt væri að PGA væri meira aðskilð frá golfkennaraskólanum. Hann fjallaði um að skólinn hefði verið stór tekjulind PGA og svoleiðis verður það ekki endalaust.

Sigurpáll formaður hélt stutta ræðu og fór yfir daginn, og sleit fundi.

**18:15** Fundi slitið